

# Ársskýrsla 2013



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HUGVERKANEFND

# Ávarp formanns

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala tekur við tilkynningum starfsmanna um hugmyndir sem talist geta hagnýtanlegar og sker úr um hvort stofnanirnar nýti sér rétt sinn til þátttöku í hagnýtingarferlinu. Nefndin og starfsmenn hennar fylgja svo eftir þeim málum sem stofnanirnar eiga aðild að.

Það rannsóknastarf sem unnið er innan HÍ og LSH spannar mjög breitt svið og flóra þeirra verkefna sem koma inn á borð Hugverkanefndar er fjölbreytt eftir því. Hagnýtingarferli hugverka getur einnig verið mjög ólíkt, eftir því hvort hagnýting á sér stað með stofnun sprotafyrirtækis, gegnum leyfissamning, sölu einkaleyfis, eða eftir öðrum leiðum. Háskólaráð samþykkti á árinu 2013 nýjar og endurbættar starfsreglur fyrir Hugverkanefnd, þar sem meðal annars eru tilgreindar ólíkar leiðir við hagnýtingu hugverka og ákvarðanaferli gert skýrara. Það er von nefndarmanna að þetta verði til að hvetja starfsmenn HÍ og LSH enn frekar til að huga að hagnýtingu hugmynda sinna. Heimasiða nefndarinnar hefur einnig verið endurbætt og henni gert hærra undir höfði á vefsvæði Háskólans og geta starfsmenn leitað þangað eftir upplýsingum.

Hugverkanefnd hefur á árinu 2013 haldið áfram að byggja upp samstarf við tækniyfirfærsluskrifstofur, einkaleyfastofur og aðra lykilaðila erlendis. Slíkt samstarf er gríðarlega mikilvægt enda getur umfang þeirra verkefna sem stofnanirnar eiga hlutdeild í oft orðið stærra en svo að ráðið verði við það hér á landi. Í slíkum tilfellum er bráðnauðsynlegt að eiga gott samstarfsnet þannig að góðar hugmyndir hljóti áfram brautargengi, en dagi ekki uppi, t.d. vegna skorts á fjármunum eða aðstöðu til markaðssetningar.

Árangur í starfi nefndarinnar byggir að miklu leyti á starfi ritara og sérfræðings nefndarinnar, án þeirra væri nefndinni ógerlegt að sinna sínu hlutverki gagnvart HÍ og LSH. Ljóst er að samhliða yfirlýstri stefnu um að auka umsvif í hagnýtingu hugverka þurfa stofnanirnar að taka alvarlega til greina að auka við starfslið nefndarinnar og skapa þannig vísi að tækniyfirfærsluskrifstofu eins og þekkest við flesta þá háskóla og háskólasjúkrahús sem skipa sér í fremstu röð á heimsvísu.

Kristján Leósson, formaður Hugverkanefndar HÍ/LSH



# Skipan Hugverkanefndar og aðrir starfsmenn



Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala starfaði með hefðbundnusniði árið 2013. Nefndina skipuðu: Kristján Leósson Ph.D, Raunvísindastofnun Háskólans, formaður nefndarinnar, Sigríður Ólafsdóttir Ph.D, ráðgjafi hjá SÓL ráðgjöf og Torfi Magnússon, læknir á Landspítala. Fastir fundir nefndarinnar voru átta talsins.

Hugverkanefnd var með starfsaðstöðu hjá vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands auk þess sem sviðið sá nefndinni fyrir ritara sem annaðist dagleg störf nefndarinnar og starfsmanni sem m.a. veitti sérfræðiþjónustu við afgreiðslu erinda nefndarinnar.

Með nefndinni störfuðu Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands og Sigurður Guðmundsson, starfsmaður vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands. Ritari nefndarinnar er Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.

Hugverkanefnd starfar á grundvelli erindisbréfs og starfsreglna sem samþykkt voru í febrúar 2013 af háskólaráði og forstjóra Landspítala.

# Reglur um Hugverkanefnd



Í febrúar samþykkti háskólaráð og forstjóri Landspítala nýjar starfsreglur og erindisbréf fyrir Hugverkanefnd. Við gerð erindisbréfsins og starfsreglnanna var stuðst við nógildandi reglur auk leiðbeininga frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) fyrir háskóla og rannsóknastofnanir um þróun hugverkastefnu sem og hugverkastefnur annarra háskóla.

Helstu breytingar sem erindisbréfið og starfsreglurnar fela í sér frá fyrri framkvæmd eru eftirfarandi:

- a) Starfsreglurnar eru tengdar við stefnu Háskóla Íslands og Landspítala.
- b) Gildissvið reglnanna er skýrt nánar, m.a. hverja reglurnar varða og hvað fellur undir þær.
- c) Tilgreindir eru helstu hagsmunir aðila er tengjast hagnýtingarferlinu.
- d) Reglur varðandi tilkynningu til Hugverkanefndar eru ítarlegri, m.a. er tiltekin upplýsingagjöf til Hugverkanefndar um rannsóknir og samstarfsverkefni og réttur starfsmanns falli Hugverkanefnd frá hagnýtingu sem áður hefur verið ákveðin.
- e) Nefndar eru leiðir við hagnýtingu uppfinninga/nýjunga.
- f) Ný meginregla er sett fram um skiptingu fjárhagslegs afraksturs.
- g) Ákvæði eru nú til staðar um endurskoðun starfsreglnanna.

# Hagnýting rannsókna

## Frá afhendingu Hagnýtingarverðlauna Háskóla Íslands 2013

Verðlaunahafar ásamt Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, og Rögnvaldi Ólafssyni, formanni dómnefndar og forstöðumanni Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.



Háskóli Íslands og Landspítali leggja mikla áherslu á að sú vinna sem fer fram innan stofnananna sé hagnýtt í þágu samfélagsins og er það hlutverk Hugverkanefndar að stuðla að þeirri hagnýtingu. Auk þess ber Hugverkanefnd að koma að ákvörðunum um skiptingu arðs og hvetja til áframhaldandi rannsókna og hagnýtingar þeirra til góðs fyrir samfélagið í heild. Hagnýting getur verið fólgin í því að veitt sé nytjaleyfi á uppfinningu/nýjung, uppfinning/nýjung sé seld, fyrirtæki sé stofnað eða farið sé í samstarf um hagnýtingu rannsókna.

Hugverkanefnd bærust sex ný erindi árið 2013 þar af eitt erindi í lok árs sem tekið verður til skoðunar í byrjun árs 2014. Fjögur erindi voru einkaleyfishæfar uppfinningar. Hugverkanefnd ákvað að öðlast rétt til þriggja þessara uppfinninga á grundvelli laga nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna en falla frá rétti sínum hvað varðar eina uppfinningu sem nefndin mat að erfitt kynni að vera að hagnýta. Lagðar voru inn tvær nýjar einkaleyfisumsóknir vegna þessara erinda á árinu og í lok árs var unnið að skrifum á þriðju einkaleyfisumsókninni. Þá barst eitt erindi er varðaði aðkomu Háskóla Íslands og Landspítala, í formi eignarhluta, að þegar stofnuðu sprotafyrirtæki.

Líkt og fyrri ár höfðu starfsmenn í flestum tilvikum frumkvæði að því að leita til Hugverkanefndar en nefndin leitaði einnig að verkefnum auk þess sem eitt verkefni barst í kjölfar samkeppninnar um Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands.

# Uppfinningar

Þegar Hugverkanefnd berst tilkynning frá starfsmanni skoðar nefndin hvort unnt sé að vernda uppfinningu/nýjung með einkaleyfi eða öðrum skráðum hugverkaréttindum með það að markmiði að þriðji aðili hagnýti viðkomandi uppfinningu/nýjung með kaupum eða nytjaleyfi. Jafnframt getur Hugverkanefnd ákveðið að fara í samstarfsverkefni með fyrirtæki, einstaklingi eða háskóla sem hefur þá sérfræðipækningu og það bolmagn sem þörf er á. Slikt samstarf getur leitt til nytjaleyfissamnings, stofnunar dótturfyrirtækis eða varanlegs viðskiptasambands. Þess má geta að í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er fjöldi samstarfs- og þróunarverkefna með aðilum úr atvinnu- og þjóðlífi, einkaleyfaumsókna og veittra einkaleyfa auk annarra hagnýtingarverkefna (sem ekki leiða til stofnunar fyrirtækja og einkaleyfaumsókna) tilgreindir lykilmælikvarðar til að meta árangur af stefnu skólans.

Á árinu 2013 hafði Hugverkanefnd aðkomu að sjö verkefnum er varða hagnýtingu uppfinninga. Það eru verkefnið frásogshvati og mónókaprin sem eru frá árinu 2007, blóðstorkupróf frá árinu 2009, meðgöngueitrun frá árinu 2011 auk þriggja nýrra verkefna sem bárust árið 2013. Hugverkanefnd mun ekki hafa frekari aðkomu að tveimur þessara verkefna þar sem sprotafyrirtæki var stofnað í kringum annað verkefnið og Hugverkanefnd sagði sig frá hinu. Í öllum tilvikum er um að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar og hafa umsóknir um einkaleyfi verið lagðar inn eða eru í vinnslu einkaleyfasérfræðinga. Aðkoma Hugverkanefndar að verkefnum er mismunandi eftir eðli og stöðu verkefna.

Á næstu síðum er umfjöllun um þau verkefni sem Hugverkanefnd hafði aðkomu að á árinu 2013.



## Frásogshvati - Nytjaleyfissamningur

Hugverkanefnd fær tekjur af einum leyfissamningi sem byggir á einkaleyfi Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, á nýjum frásogshvata sem nýtanlegur er á slímhimnur t.d. í nefi. Upsher-Smith er með flogaveikislyf sem byggir á einkaleyfi Sveinbjörns í klínískum prófunum í fasa III í 10 löndum. Uppfinning Sveinbjörns liggur í því að lyfið er gefið sjúklingum sem fá raðflogaveikiköst með nefúða í stað stungulyfs. Á árinu var áfram unnið að hagnýtingu uppfinningar fyrir önnur lyf og funduðu sérfræðingar Hugverkanefndar ásamt Sveinbirmi með tæknifyrfærsluskristofu Karolinsku stofnunarinnar, fjárfestum og fyrirtækjum í þeim tilgangi að skoða áhuga þeirra á aðkomu eða samstarfi. Í byrjun næsta árs er fyrirhugaður annar fundur með fjárfestum.

## Mónókaprín

Hugverkanefnd vann á árinu að hagnýtingu uppfinningar Dr. Halldórs Þormars og samstarfsmanna hans Hilmars Hilmarssonar og Guðmundar Bergssonar en þeir þróuðu aðferð við að framleiða vatnsblandanlegt mónókaprínfleyti sem drepur bakteríur sem valda sýkingum í fólki, t.d. listeríu, kampýlóbakter, salmónellu, stafýlókokka og kólibakteríur. Mónókaprín er örverudrepaní fituefni sem er einkum unnið úr kókósolíu. Öll efni í fleytinu hafa E-númer og eru viðurkennd sem fæðuaukaefni í unna matvöru, svo sem reyktan lax. Á árinu fór mikill tími í samskipti við Evrópusambandið vegna umsóknar til Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að nota fleytið fyrir óunnið kjöt. Í janúar 2013 kynnti sérfræðingur Hugverkanefndar fleytið og notkun þess fyrir vinnuhópi framkvæmdastjórnarinnar í Brussel. Í lok árs var málið enn í vinnslu hjá framkvæmdastjórninni. Ýmiss gögn varðandi fleytið voru send tæknifyrfærsluskristofu Bergen og er skrifstofan í lok árs að skoða hvort að vinnsluáðilar á laxi kunni að hafa áhuga á samstarfi. Þá var sérfræðingur Hugverkanefndar í samskiptum við Samtök iðnaðarins sem sýndu efninu áhuga. Í maí fékk Hugverkanefnd veitt evrópskt einkaleyfi á uppfinningunni sem staðfest var í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Írlandi, Póllandi og Spáni.

## Blóðstorkupróf

Í september 2013 ákváðu Páll Torfi Öundurson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á Landspítalanum, og Brynja R. Guðmundsdóttir, klínískur lektor á Landspítalanum að stofna fyrirtækið Fiix greining ehf. Fyrirtækið mun vinna að markaðssetningu einkaleyfis á blóðþynningarprófi sem er þróað til að stýra betur lyfjagjöf blóðþynningarlyfsins Kóvar. Hugverkanefnd framseldi einkaleyfin og réttinn til hagnýtingar til fyrirtækisins gegn eignaraðild Háskóla Íslands og Landspítala að fyrirtækinu.

## Meðgöngueitrun

Sveinbjörn Gizurarson, prófessor í Lyfjafræðideild hefur sótt um einkaleyfi á uppfinningu er tengist notkun á fylgjupróteini 13 (PP-13) til meðhöndlunar á meðgöngueitrun. Erfitt er að meðhöndla meðgöngueitrun og við sjúkdómnum er engin lækning í dag. Til að unnt sé að hagnýta uppfinninguna þarf að framkvæma frekari rannsóknir og prófanir. Sérfræðingar Hugverkanefndar ásamt Sveinbirmi funduðu með tæknifyrfærsluskristofu Karolinsku stofnunarinnar í apríl og af þeim fundum varð það ljóst að verkefnið er of kostnaðarsamt og umfangsmikið fyrir Hugverkanefnd. Hugverkanefnd féll því frá réttinum til uppfinningar.

## Ný verkefni 2013

Hugverkanefnd lagði inn tvær einkaleyfisumsóknir á árinu og í lok árs er verið að vinna í ritun einnar einkaleyfisumsóknar. Verkefni þessi eru stutt á veg komin og verður þeim gerð nánari skil þegar einkaleyfisumsóknir eru orðnar aðgengilegar.

# Sprotafyrirtæki



**S**tofnun sprotafyrirtækja er vel þekkt form við hagnýtingu uppfinninga starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítala. Í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er fjöldi stofnaðra sprotafyrirtækja einn af lykilmælikvörðum til að meta árangur af stefnu skólans, eins og áður hefur verið nefnt. Þegar Hugverkanefnd kemur að stofnun fyrirtækis eignast viðeigandi stofnun eignarhlut í fyrirtækinu gegn framsali á þeirri uppfinningu/nýjung sem stofnanirnar hefðu annars getað gert kröfu til. Stofnanirnar hafa ekki lagt fram fjármagn við stofnun fyrirtækjanna né tekið þátt í hlutafjárukningu þeirra.

Eins og fram kemur í fyrri kafla þá var Fiix greining ehf. stofnað á árinu. Háskóla Íslands og Landspítala var boðinn hlutur í fyrirtækinu og í lok árs er beðið samþykkis ráðuneyta fyrir aðild stofnananna að fyrirtækinu. Þá barst eitt erindi er varðaði aðkomu Háskóla Íslands og Landspítala, í formi eignarhluta, að þegar stofnuðu sprotafyrirtæki. Ganga þarf frá aðild annarra að verkefninu og fyrirtækinu áður en unnt verður að ganga frá eignarhluta stofnananna.

Frá árinu 2008 hafa tíu fyrirtæki verið stofnuð með aðkomu Hugverkanefndar. Þetta eru fyrirtækin Oxymap, Akthelia, Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Risk, Þróunarfélagið Stika, Hugarheill, iMonIT, Marsýn og Fiix greining.



# Önnur verkefni

**H**ugverkanefnd sinnti einnig öðrum verkefnum á árinu, sem fjallað er um hér að neðan.

## Gæðamál

Á árinu var áfram unnið að innleiðingu gæðaferla. Ljóst er að það tekur nokkurn tíma að innleiða ferlana þar sem málin eru fá og mjög ólík. Gert er ráð fyrir að verkferlarnir verði birtir í Gæðahandbók Háskóla Íslands þegar þeir hafa að fullu verið innleiddir.

## Fræðslu- og kynningarmál

Leggja þarf áherslu á vitundarvakningu innan stofnananna um hagnýtingu rannsókna, bæði meðal starfsmanna og nemenda, auk þess að kynna hlutverk nefndarinnar.

Í janúar 2013 var formaður Hugverkanefndar ásamt Halldóri Jónssyni, sviðsstjóra vísinda- og nýsköpunarsviðs og ritara nefndarinnar, með kynningu fyrir háskólaráð og sviðsforseta á starfi nefndarinnar og tillögum að nýjum starfsreglum og erindisbréfi Hugverkanefndar. Í febrúar var ritari með kynningu á starfi nefndarinnar fyrir stjórn heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Þá fundaði ritari með Einkaleyfastofunni og stjórn Félags einkaleyfasérfræðinga um vitundarvakningu á sviði hugverkaréttar og hagnýtingar. Í sama mánuði var ritari einnig með kynningu um hugverkarétt og Hugverkanefnd í námskeiðinu „Frá hugmynd að veruleika“ sem kennt er á verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands. Í júní funduðu formaður og ritari með kanadíska sendiráðinu þar sem starf nefndarinnar var kynnt og einstök verkefni og fyrirkomulag við tækniyfirfærslu í Kanada rædd. Í september funduðu formaður og starfsmaður Hugverkanefndar með frumkvöðlum frá Mars Innovation í Toronto um uppbyggingu þjónustu þeirra og tengsl við fjárfesta. Þá var Hugverkanefnd með veggspjald á nýsköpunarráðstefnu heilbrigðisvísindasviðs í október ásamt því að vera á staðnum og kynna starf nefndarinnar.

Á árinu var unnin vefsíða fyrir Hugverkanefnd, [www.hugverkanefnd.hi.is](http://www.hugverkanefnd.hi.is) á síðunni má finna upplýsingar um hlutverk Hugverkanefndar, verkefni, sprotafyrirtæki, samstarfsaðila o.fl. Í tengslum við þá vinnu var auglýsingastofan Pipar fengin til að hanna merki fyrir Hugverkanefnd.



# Samstarf

Samstarf Hugverkanefndar við aðrar tæknifyrfærsluskrifstofur, stofnanir og samtök er mikilvægur liður í því að bæta þjónustu við starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Landspítala auk þess að stuðla að aukinni hagnýtingu rannsókna og vitund um hugverkarétt.

## NORTTH samstarfið

Árið 2012 hófst formlegt samstarf tæknifyrfærsluskrifstofa á Norðurlöndunum á sviði heilbrigðisvísinda undir nafninu NORTTH og er Hugverkanefnd aðili að því samstarfi. Til að koma á þessu samstarfi fékk samstarfshópurinn styrk frá Norrænu ráðherranefndinni og rann sá styrkur út í lok árs 2013. NORTTH hélt tvo almenna félagsfundum, báða í tengslum við ráðstefnur á sviði heilbrigðisvísinda og fimm stjórnarfundum, þann fyrsta í mars á Íslandi auk tveggja símafunda. Á fundunum var fjallað um stjórnun verkefnisins og verkefnaskil til Norrænu ráðherranefndarinnar, fjármögnun á NORTTH samvinnunni og önnur málefni svo sem Norrænan markað fyrir hugverk og möguleika þess að stofna Norrænan „Proof of Concept“ (PoC) sjóð. Á seinni félagsfundinum sem haldinn var í tengslum við „Nordic Life Science Day“ í Stokkhólmi var sérstaklega fjallað um fjármögnun sprotafyrirtækja og þörf á PoC sjóð. Í framhaldi af því var farið að skoða möguleika á styrkjum til að undirbúa stofnun Norræns PoC sjóðs sem væri sérhæfður fyrir fyrirtæki á sviði heilbrigðisvísinda. Sigurður Guðmundsson, starfsmaður Hugverkanefndar og í stjórn verkefnissins, stýrði NORTTH fundinum hér og landi og sótti fundinn sem haldinn var í tengslum við „Nordic Life Science Day“ auk þess að taka þátt í fundunum í gegnum síma þegar kostur var. Tæknigarður greiddi kostnað við ferðir Sigurðar erlendis auk þess að taka þátt í kostnaði við fundinn hér á landi ásamt Hugverkanefnd.

Frá samstarfsfundum NORTTH sem haldinn var á Íslandi 2013



## **Samstarf við tæknifyrfærsluskristofu Karolinska**

Í apríl heimsóttu starfsmenn Hugverkanefndar tæknifyrfærsluskristofu Karolinsku stofnunarinnar (Karolinska Institutet – Innovationskontoret). Tilgangur heimsóknar var að fá upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar og að fá álit/aðstoð þeirra við hagnýtingu hluta þeirra verkefna sem Hugverkanefnd hefur umsjón með. Þá fundaði Hugverkanefnd og Sveinbjörn Gizurarson með fyrirtækjum og fjárfestum í Stokkhólmi, Málmey og Lundi þar sem verkefni Sveinbjörns voru til umræðu. Heimsóknin var mjög gagnleg fyrir starfsmenn Hugverkanefndar og má þar þakka frábæru skipulagi Bo-Ragnar Tolf, framkvæmdastjóra tæknifyrfærsluskristofu Karolinska, sem nýtti tengslanet sitt til að koma á fundum með viðeigandi aðilum. Heimsóknin er lýsandi dæmi um mikilvægi samstarfs Hugverkanefndar við aðrar tæknifyrfærsluskristofur.

## **Samstarf við tæknifyrfærsluskristofu Bergen**

Á árinu var unnið að undirbúningi formlegs samstarfs milli Hugverkanefndar og tæknifyrfærsluskristofu Bergen (Bergen Teknologioverføring - BTTO) um hagnýtingu hugverka og rannsóknna en gert er ráð fyrir að samstarfssamningur verði undirritaður milli aðila fyrri hluta árs 2014.

## **ASTP (Association of European Science & Technology Transfer Professionals)**

Ritari og sérfræðingur Hugverkanefndar eru aðilar að samtökum Evrópskra vísinda- og tæknifyrfærslusérfræðinga. Í maí sótti ritari Hugverkanefndar árlega ráðstefnu samtakanna í Vínarborg. Á ráðstefnunni voru áhugaverðir fyrirlestrar er tengjast störfum tæknifyrfærsluskristofa. Tæknigarður greiddi kostnað við ferðina.

## **Samstarf við Einkaleyfastofuna – Upplýsingasetur um einkaleyfi**

Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands og Hugverkanefnd starfrækja Upplýsingasetur um einkaleyfi í samstarfi við Einkaleyfastofuna. Hlutverk upplýsingasetursins er að veita almennar upplýsingar um einkaleyfi og önnur hugverkaréttindi. Setrið er hluti af evrópsku neti upplýsingasetra um einkaleyfi (PATLIB) en netið samanstendur af rúmlega 250 upplýsingasetrum um alla Evrópu. Ritari Hugverkanefndar sótti árlega PATLIB ráðstefnu hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) sem haldin var í München í apríl. Einkaleyfastofan greiddi kostnað við ferðina. Ritari Hugverkanefndar var jafnframt tilnefndur í EPO PATLIB Programme Committee og sótti vegna þess tvo fundi á árinu hjá EPO sem greiddi kostnaðinn við ferðirnar.

## **Samstarf við Dönsku einkaleyfastofuna**

Í júní 2013 undirrituðu Hugverkanefnd og Danska einkaleyfastofan (DKPTO) samstarfssamning um notkun og kynningu á markaðstorginu IP-marketplace sem hannað er af Dönsku einkaleyfastofunni. Tilgangur samningsins er að auðvelda Hugverkanefnd og sprotafyrirtækjum Háskóla Íslands og Landspítala að markaðssetja hugverkaréttindi sín á markaðstorginu.

# Fjármál

Fyrirkomulag við fjármögnun Hugverkanefndar hefur undanfarin ár verið með þeim hætti að Háskóli Íslands greiðir 2/3 og Landspítali 1/3 af kostnaði nefndarinnar. Samkomulag hefur verið um að nefndin hafi allt að 7,5 m.kr. til ráðstöfunar á ársgrundvelli. Á árinu var unnið að nýju skipulagi fjármála Hugverkanefndar sem mun taka gildi árið 2014.

Hugverkanefnd fær tekjur af einum leyfissamningi og áttu þær að berast í lok árs. Einhver tölur var þar á og munu þær því berast í byrjun árs 2014.

Rekstrarkostnaður Hugverkanefndar var töluvert hærri árið 2012 þar sem laun þeirra starfsmanna Rannsóknþjónustunnar sem unnu fyrir Hugverkanefnd voru færð á reikning nefndarinnar, slíkt var ekki gert árið 2013 heldur fóru laun starfsmanna nefndarinnar af reikningi vísinda- og nýsköpunarsviðs. Einkaleyfakostnaður var rúmlega 1 m.kr. hærri árið 2013 en 2012 og skýrist það af auknum fjölda einkaleyfisumsókna í umsjón Hugverkanefndar. Þá var ferða- og dvalarkostnaður töluvert hærri árið 2013 en Hugverkanefnd greiddi fyrir ferð starfsmanns til Brussel í janúar vegna mónókaprín verkefnis og heimsókn starfsmanna til tæknifyrfærsluskrifstofu Karolinska í apríl.

Á þessu ári líkt og fyrri ár hefur Tæknigarður greitt félagsgjöld að ASTP (Association of European Science and Technology Transfer Professionals) og AUTM (Association of University Technology Managers) fyrir starfsmenn vísinda- og nýsköpunarsviðs auk þess að greiða ferð fyrir ritara Hugverkanefndar á árlega ráðstefnu ASTP og þátttöku starfsmanns Hugverkanefndar í NORTTH samstarfi.

Upplýsingar um rekstur Hugverkanefndar á árinu 2013 má sjá hér að neðan.

Rekstrargjöld	
Laun- og launatengd gjöld	614.537 kr.
Einkaleyfakostnaður	2.798.365 kr.
Ferða- og dvalarkostnaður	700.274 kr.
Auglýsinga- og prentþjónusta	101.373 kr.
Fundagjöld	85.400 kr.
<b>Samtals</b>	<b>4.299.949 kr.</b>



